

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. maí 2012 í máli nr. E-4075/2010:

Sævar Berg Ólafsson

(Jónas Þór Jónasson hrl.)

gegn

Protabúi Steinvals ehf. og

Verði tryggingum hf., til réttargæslu

(Björn L. Bergsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sævari Berg Ólafssyni, Tunguseli 11, Reykjavík, á hendur Steinvali ehf., Gauksási 19, Hafnarfirði og Verði tryggingum hf., Borgartúni 25, Reykjavík, til réttargæslu, með stefnu áritaðri um birtingu, 8. júní 2010.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda, protabúis Steinvals ehf., vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut í vinnuslysi, 2. október 2007, þegar vinnupallur, sem hann var að taka niður við fasteignina Hólmavað 38 í Reykjavík, féll saman á hægri fót hans.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Ekki eru gerðar sjálfstæðar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Af hálfu réttargæslustefnda, Varðar trygginga hf., eru ekki gerðar dómkröfur.

Málavextir

Í stefnu greinir svo frá að stefnandi sé skipstjórnarmenntaður. Hann hafi starfað sem sjómaður á ýmsum fiskiskipum. Á árinu 2006 hóf stefnandi störf hjá stefnda í íhlaupavinnu sem stefnandi stundaði á þriggja mánaða fresti milli veiðiferða skips síns. Hinn 2. október 2007 hafi stefnandi verið við vinnu í nýbyggingu stefnda að Hólmavaði 38, Norðlingaholti. Í lögregluskýrslu, dagsettri

sama dag, kemur fram að stefnandi hafði verið að taka niður vinnupall sem reistur hafði verið á malarplani og timburplötur settar undir stoðirnar til að jafna út flötinn. Þegar stefnandi var að taka vinnupallinn í sundur hafi pallurinn dottið ofan á hann og hægri fótur klemmst við fótlegg. Engin vitni voru að slysinu. Vinnueftirlit ríkisins kom samdægurs á slysstað. Í umsögn þess kemur fram að stefnandi hafi í fyrstu byrjað að taka niður vinnupallinn með samstarfsmanni sínum. Þeir hafi tekið niður aðra hæð vinnupallsins en þegar kom að því að taka niður fyrstu hæðina hafi samstarfsmaðurinn þurft að bregða sér frá. Stefnandi hafi því haldið áfram við vinnu sína einn síns liðs og hann hafi verið einn þegar slysið átti sér stað. Samkvæmt umsögninni var stefnandi óvanur byggingarvinnu og áttaði sig ekki á mikilvægi þess að taka vinnupallinn í sundur í ákveðinni röð. Vinnueftirlitið taldi því meginorsök slyssins hafa verið þá að vinnuveitandi hafi ekki uppfært stefnanda um það hvernig taka ætti vinnupallinn í sundur á réttan hátt.

Um meiðsli stefnanda segir í vottorði Sigurveigar Pétursdóttur lækni frá 14. júlí 2008 að í upphafi hafi stefnandi fengið stóran áverka á ökkla og því megi búast við að hann geti haft áframhaldandi óþægindi. Þá sé það mat hennar að ekki sé víst að stefnandi geti unnið á sjó í framtíðinni þar sem mikið reyni á veltihreyfingar í ökkla. Þó sé ekki hægt að meta stefnanda að fullu fyrir en að minnsta kosti ár sé liðið frá því hann varð fyrir áverkanum.

Stefndi var úrskurðaður gjaldþrota undir rekstri málsins og hefur þrotabú hans tekið við aðild málsins varnarmegin.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort stefndi, þrotabú Steinvals ehf., beri skaðabótaábyrgð á vinnuslysi því sem stefnandi varð fyrir, 2. október 2007.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að slys hans sé skaðabótaskyldt samkvæmt almennu skaðabótareglunni. Slysið verði rakið til þess að honum hafi verið falið að vinna að hættulegu verki án þess að stefndi hafi gripið til nauðsynlegra og viðeigandi ráðstafana til að tryggja öryggi hans. Hann hafi ekki fengið nauðsynlega þjálfun og/eða fræðslu til að vinna verkið með hættulausum hætti. Einnig hafi verkstjórn og eftirliti stefnda á verkstað verið ábótavant. Stefndi beri því ábyrgð á líkamstjóni stefnanda, sem af slysinu hlaut, samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins um skaðabætur utan samninga og húsbóndaábyrgð.

Í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, séu lagðar þær skyldur á herðar atvinnurekendum að tryggja starfsmönnum sínum örugg starfsskilyrði. Samkvæmt 13. gr. laganna skuli atvinnurekandi tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað, við framkvæmd vinnu og um vélar, tækjabúnað og fleira. Í 14. gr. segi að atvinnurekandi skuli gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu, sem kunni að vera bundin við starf þeirra. Hann skuli þar að auki sjá um, að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt, að ekki stafi hættu af. Í 37. gr. segi um framkvæmd vinnu, að henni skuli hagað og hún framkvæmd þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Í 42. gr. segi svo að vinnustaður skuli þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta

öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Í 46. gr. sé svo mælt fyrir um að áhöld, tæki og annar búnaður skuli þannig úr garði gert að gætt sé fyllsta öryggis. Í þremur síðastgreindu ákvæðunum segi jafnframt að fylgja skuli viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varði aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006, um notkun tækja, skuli atvinnurekandi meðal annars upplýsa starfsmenn sína um notkunarskilyrði tækja, óvenjulegar aðstæður sem séu fyrirsjáanlegar og þá reynslu sem fengist hafi við notkun hlutaðeigandi tækja. Enn fremur skuli atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar, eftir því sem við eigi, liggi frammi á vinnustaðnum þar sem framangreindar upplýsingar skuli koma fram. Samkvæmt 8. gr. sömu reglugerðar skuli atvinnurekandi sjá um að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun við að framkvæma störf sín á þann hátt að ekki stafi hættu af. Starfsmenn skuli meðal annars fá þjálfun í viðbrögðum við hættu sem notkun tækis kunni að hafa í för með sér. Samkvæmt gr. 1.2 í II. viðauka reglugerðarinnar skuli tæki sett upp og tekið niður við öruggar aðstæður, einkum sé nauðsynlegt að fara eftir öllum leiðbeiningum frá framleiðanda. Samkvæmt gr. 4.3.2 í II. viðauka reglugerðarinnar skuli til þess hæfur einstaklingur, eftir því hve flókinn vinnupallur sé að gerð, gera áætlun um uppsetningu, notkun og hvernig taka skuli hann niður. Hún geti verið í formi staðlaðrar áætlunar að viðbættum nákvæmum, sérstökum upplýsingum um vinnupallinn. Samkvæmt gr. 4.3.6 í II. viðauka reglugerðarinnar sé einungis heimilt að setja upp vinnupall, taka niður eða breyta verulega undir stjórn aðila sem sé til þess hæfur og af starfsmönnum sem hafi fengið viðeigandi og sérstaka þjálfun í slíkum störfum með tilliti til þeirrar sérstöku áhættu sem þeim fylgi, í samræmi við 8. gr. reglugerðarinnar.

Í 23. gr. reglugerðar nr. 204/1972, um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu, segi m.a. að við uppsetningu verkpalla skuli *gæta tilhlýðilegrar varúðar og gera þær öryggisráðstafanir, sem kringumstæður kunna að krefjast.*

Samkvæmt gr. 16.2 í IV. viðauka reglugerðar nr. 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, skuli vinnupallar, gangbrýr og stigar fyrir vinnupalla vera þannig hannaðir, byggðir, notaðir og þeim viðhaldið, að fólk falli ekki af þeim né verði fyrir fallandi hlutum.

Ljóst sé að verktilhögun stefnda við niðurrif verkpallsins, eins og henni hafi verið lýst í lögregluskýrslu og umsögn Vinnueftirlitsins, hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli og öryggiskröfur ofangreindra laga- og reglugerðarákvæða. Hafði stefndi engar ráðstafanir gert til að tryggja öryggi stefnanda við niðurrif vinnupallsins. Stefndi sá ekki til þess að stefnandi fengi þau fyrirmæli, skriflega áætlun, þjálfun eða leiðbeiningar, sem kveðið sé á um í reglugerð nr. 367/2006 og nauðsynleg hafi verið til þess að tryggja mætti að stefnandi gæti tekið vinnupallinn niður á hættulausan máta, sbr. umsögn Vinnueftirlitsins um meginörsök slyssins. Hafi verktilhögun stefnda og skortur á öryggisráðstöfunum því verið til þess fallin að bjóða hættunni heim. Hafi það því verið óforsvaranlegt af stefnda að fela stefnanda, sem hafi verið óreyndur í byggingarvinnu, að vinna að hinu vandasama verki við þessar aðstæður.

Stefnandi telji, með vísan til framangreinds, að verkstjórn og eftirlit stefnda á verkstað hafi verið alls kostar ófullnægjandi. Í ljósi reynsluleysis stefnanda og þeirrar hættu sem fylgi niðurrifi vinnupalla hafi verið sérstaklega brýnt að stefndi hefði fyllsta eftirlit og verkstjórn með vinnu stefnanda við niðurrif vinnupallsins. Hafi það verið algjörlega óforsvaranlegt af hálfu þess starfsmanns stefnda, sem hafi unnið að verkinu með stefnanda og verið vanur byggingarvinnu, að hverfa frá því og skilja stefnanda einan eftir. Með þessari vanrækslu á verkstjórnar- og eftirlitsskyldum sínum, hafi stefndi brotið gegn ákvæðum 20. – 23. gr. laga nr. 46/1980, þar sem kveðið sé á um ábyrgð og skyldur verkstjóra við verkframkvæmdir.

Því sé sérstaklega mótmælt sem röngu og ósönnuðu, sem fram komi í lögregluskýrslu Steins Arnars Jóhannessonar, að stefnandi hafi tekið ákvörðun um að vinna að verkinu án vinnufélaga. Hið rétta sé að með stefnanda hafi verið starfsmaður stefnda og hafi honum verið falið að vinna að þessu verki. Þegar samstarfsmaðurinn fór frá verkinu, hafi stefnanda ekki verið gert að hætta því og/eða bíða eftir samstarfsmanninum.

Stefnandi hafni því að slys hans verði rakið til óhappatilviks og/eða eigin gáleysis. Stefnandi telji einsýnt að slys hans verði að öllu leyti rakið til atvika sem stefndi beri ábyrgð á. Ósannað sé að stefnandi hafi hagað sér með gáleysislegum hætti umrætt sinn. Stefnandi vísi hér sérstaklega til þess að hann hafði einvörðungu unnið fyrir stefnda í ígripavinnu á þriggja mánaða fresti í minna en tvö ár er hann slasaðist en hans aðalstarf sé sjómennska. Í því ljósi sé ekki hægt að láta hann bera hluta af tjóni sínu sjálfan, með vísan til þess að hann hafi í ljósi reynslu sinnar, mátt bera sig einhvern veginn öðruvísi að en hann gerði, við niðurrif vinnupallsins umrætt sinn.

Stefnandi byggir á almennum reglum skaðabótaréttarins um skaðabætur utan samninga, sakarreglunni og reglunni um ábyrgð vinnuveitenda á saknæmum verkum og aðgæsluleysi starfsmanna sinna. Að auki sé byggt á skaðabótalögum nr. 50/1993 og lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, báðum með áorðnum breytingum. Einnig reglugerð nr. 367/2006, um notkun tækja, reglugerð nr. 204/1972, um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu og reglugerð nr. 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Um málskostnað vísist til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr. Um virðisaukaskatt vísist til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Um heimild til höfðunar viðurkenningarmáls vísist til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Varðandi varnarþing vísist til 41. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir á því að sakarábyrgð að skaðabótarétti sé ekki til að dreifa í þessu máli. Stefnandi hafi á engan hátt sýnt af sér saknæma háttsemi þannig að hugtaksskilyrðum sakarreglunnar sé fullnægt. Stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir slíkum fullyrðingum en framburður hans hnígi í raun algerlega að gagnstæðri niðurstöðu, að sök verði ekki fundin hjá stefnda heldur miklu fremur í verklagi

stefnanda sjálfs eða óhappatilviljun.

Hugleiðingar og ályktanir starfsmanns Vinnueftirlits ríkisins, sem fram komi í umsögn eftirlitsins, eigi ekki við rök að styðjast. Svo virðist sem gengið sé út frá því að stefnandi sé ungur og óafvitandi um það hvernig staðið sé að einföldu verklagi við verkefni sem nokkuð blasi við hvaða hættur geti haft í för með sér. Eins sýnist gengið út frá því að stefnandi hafi verið algerlega reynslulaus í því hvernig leysa mátti verkið af hendi. Engin þessara forsendna sé rétt. Stefnandi sé fjarri því að vera unglingur, kominn á miðjan aldur nánast og megi ætla að hann búi við ágæta greind, svo góðri verklegri greind í það minnsta að hann sinni skipstjórnarstarfi á frystitogara og afli tekna í samræmi við það. Slíku starfi myndi maður sem vits væri vant ekki valda. Að auki hafi stefnandi sjálfur staðfest að hafa búið yfir verkþekkingu á uppsetningu og niðurrifi stálvinnupalla. Í þessu ljósi falli þessar hugleiðingar og getgátur um sjálfar sig og geti ekki grundvallað dómsniðurstöðu í þessu máli.

Sama marki brenndar séu þær háttarnisreglur sem lýst sé í lögum nr. 46/1980 og reglugerð nr. 367/2006 sem stefnandi vísi til í málatilbúnaði sínum. Andspænis upplýstum málavöxtum orki reglur þessar ekki til þess að fella sök á stefnda sem átti engan hluta að máli er stefnandi varð fyrir umræddu slysi. Gildi í því sambandi einu á hvern veg hlutir hafi verið í raun, hvað varði eina umdeilda atriðið í málsatvikum, það er að segja hvort stefnandi hafi notið liðstyrks samstarfsmanns fyrr eða unnið að niðurrifi vinnupallsins einn. Stefnandi, sem góður og gegn verkamaður í byggingariðnaði, hefði með réttu átt að leggja mat á hvort verkið yrði unnið af einum manni áður en hann hófst handa við að taka neðsta pallgólfið úr. Þótt hann hefði metið það fýsilegt að halda verkinu áfram upp á eigin spýtur þá blasi við að það væri vart skynsamlegt að standa undir pallgólfinu á sama tíma og það hafi verið losað. Stefnanda hafi verið ljóst að hann væri einsamall og því mátti það vera honum ljóst að þegar pallgólfið væri leyst frá endastoðinni þá myndu endastoðirnar detta ef ekkert héldi þeim. Stefnandi gat ekki vænst þess að endastoðirnar stæðu frístandandi. Það mátti honum vera ljóst sem góðum og gegnum manni óháð starfsstétt í raun.

Það sýnist næsta sérstætt gáleysi að veita því ekki athygli hvort stífum væri til að dreifa eða ekki. Vinnupallar af þessari gerð séu mjóir, þeir séu þeirrar gerðar að ef staðið sé undir þeim sé örðugt að komast hjá því að rekast utan í stífunar. Annaðhvort þegar klöngrast sé undir pallinn, þá liggi leiðin yfir stífunar, eða, ef ekki þurfi að fara yfir stífunar, þá ættu þær sem fjær væru að stinga í augun eða nuddast utan í stefnanda þegar hann lyfti gólfflekanum. Hafi stefnandi getað gengið hindrunarlaust undir pallinn hefði hann alls ekki átt að velkjast í vafa um að stífum væri ekki til að dreifa á annarri hliðinni og því brýnt að ganga úr skugga um að þeim væri réttilega fyrir komið á hinn hliðinni. Þessu virðist stefnandi ekki hafa veitt athygli en að mati stefnda verði enginn í raun kallaður til ábyrgðar á þeirri yfirsjón, annar en stefnandi sjálfur. Verktilhögun af hálfu stefnda við niðurrif vinnupallsins geti ekki leitt til bótaábyrgðar í þessu máli enda upplýst og óumdeilt að forsvarsmaður stefnda hafi verið staddur fjarri vettvangi slyssins og hann því ekki getað haft uppi kröfur um verktilhögun. Sú tilhögun hafi verið stefnanda sjálfs en því sé eindregið mótmælt sem röngu að stefndi hefði þurft með beinum hætti að banna stefnanda að halda verkinu áfram eftir að samstarfsmaður hans hafði brugðið sér frá, eins og virðist vera byggt á af hálfu stefnanda.

Verkstjórnarábyrgð komi að sama skapi ekki til álita. Áréttað skuli enn að verkið sem verið var að leysa af hendi hafi verið einfalt. Því fari mjög fjarri að beina verkstjórn hafi þurft við það. Að setja hefði þurft stefnanda fyrir, stoð fyrir stoð og grind fyrir grind, um það hvernig standa ætti að þessu verki eigi ekki við nokkur rök að styðjast. Stefndi hafi mátt treysta á hyggjuvit og starfs- og lífsreynslu stefnanda í þessum efnum.

Þar sem hugtaksskilyrðum sakarreglunnar sé ekki fullnægt og aðrar bótareglur komi ekki til álita í þessu máli verði að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Stefndi vísi til áðurgreindra lagaraka, sérstaklega sakarreglu skaðabótaréttar. Krafa um málskostnað styðjist við 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafið sé álags á málskostnað er nemi virðisaukaskatti, stefndi reki ekki virðisaukaskattskylda starfsemi og beri því nauðsyn á að fá dæmt álag er þeim skatti nemi á hendi stefnanda.

Niðurstaða

Óumdeilt er að stefnandi varð fyrir slysi, 2. október 2007, þegar hann var að taka í sundur vinnupall en stefnandi var starfsmaður stefnda á þeim tíma er slysið átti sér stað. Eins og fram er komið lýtur ágreiningur málsins að því, hvort stefndi, þrotabú Steinvals ehf., beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem stefnandi hlaut vegna slyssins.

Stefnandi reisir kröfu sína meðal annars á því að stefndi sé skaðabótaskyldur samkvæmt sakarreglunni og að hann hafi ekki farið eftir fyrirmælum í lögum og reglugerðum. Stefnandi hafi verið reynslulaus og því sérstaklega mikilvægt að hann fengi fyrirmæli eða leiðbeiningar og að stefndi hefði eftirlit og verkstjórn með vinnu stefnanda við niðurrif byggingarpallsins.

Stefndi, þrotabú Steinvals ehf., hafnar því að bera skaðabótaábyrgð vegna slyss stefnanda og telur að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að skilyrðum sakarreglunnar sé fullnægt né að aðrar bótareglur komi til álita.

Í skýrslutöku fyrir dóminum greindi stefnandi frá því að hann væri ekki menntaður í byggingariðn. Hann hafi þó, á þeim tíma er slysið varð, nokkrum sinnum áður sett upp og tekið niður sams konar byggingarpalla og þá hafi ekki verið gerðar athugasemdir af hálfu vinnuveitanda hvernig staðið var að verkinu. Í þau skipti hafi hann ýmist verið einn við vinnuna eða með öðrum. Stefnandi taldi vinnupallinn sem féll á stefnanda ekki vera frábrugðinn öðrum vinnupöllum. Að sögn stefnanda hafi samstarfsmaður hans þurft frá að hverfa vegna annarra starfa og hann hafi því unnið einn að verkinu allan tímann. Verktakinn hafi falið honum að vinna verkið en hafi sjálfur ekki fylgst með vinnunni. Stefnandi hafi engar leiðbeiningar fengið, hvorki munnlegar né skriflegar, um það hvernig taka ætti slíkan vinnupall í sundur. Hann hafi fylgst með öðrum og reynt að gera eins.

Stefnandi staðfesti fyrir dómi framburð sinn í lögregluskýrslu, sem dagsett er 30. maí 2008. Þar lýsti hann atvikum með þeim hætti að hann hafi verið að rífa

niður álpalla með járnstöðum þegar slysið átti sér stað. Vinnupallurinn hafi verið upp í tvær hæðir og sums staðar upp í þrjár hæðir. Pallurinn hafi verið í bilum og hafi hann byrjað á efsta palli en síðan fært sig niður. Stefnandi hafi verið staddur á jörðinni undir pallinum þegar hann hrundi en þá hafi hann verið að taka neðsta gólfið af grindinni. Hann hafi verið búinn að taka einhverjar af stöðunum frá en talið að þetta yrði í lagi. Grunaði hann að ein stífan hefði verið tekin úr pallinum þegar verið var að vinna við stóran glugga sem einingin stóð við. Hafi hann tekið vinnupallinn þannig niður að þegar neðsta hæðin hafi verið eftir og búíð hafi verið að taka pallagólfið hafi hann látið grindina falla niður og hafi súlurnar fyrir næstu hæð fyrir ofan fylgt með.

Stefnandi hefur í málalíbúnaði sínum vísað til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða sem eiga sér stoð í lögnum. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 skal vinnuveitandi tryggja að starfsmaður njóti fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað. Þá er kveðið svo á um í lögnum að á vinnuveitanda hvíli sú skylda að sjá til þess að starfsmaður fái nauðsynlega kennslu og þjálfun. Í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja er þetta ítrekað en þar segir í 8. gr. að atvinnurekandi skuli sjá um að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun við að framkvæma störf sín á þann hátt að ekki stafi hættu af. Samkvæmt 4.3.6. gr. í II. viðauka sömu reglugerðar er aðeins heimilt að setja upp vinnupall, taka niður eða breyta verulega undir stjórn aðila sem er til þess hæfur og af starfsmönnum sem hafa fengið viðeigandi og sérstaka þjálfun í slíkum störfum með tilliti til þeirrar sérstöku áhættu sem þeim fylgir.

Af framburði stefnanda fyrir dóminum má ráða að hann hafi verið einn að verki þegar hann tók vinnupallinn í sundur. Eins og stefnandi greindi frá hafði hann áður fylgst með því hvernig aðrir starfsmenn stefnda báru sig að við sams konar verk og hafði hann í nokkur skipti tekið niður eins vinnupalla, og hér um ræðir. Að sögn stefnanda lágu hins vegar engar skriflegar leiðbeiningar um niðurrif vinnupallsins fyrir né hafði hann fengið leiðsögn eða þjálfun í því að taka niður slíka vinnupalla. Hefur staðhæfingum stefnanda þar að lútandi ekki verið mótmælt af hálfu stefnda.

Þá kemur fram í umsögn Vinnueftirlitsins að sá slasaði, sem hafi verið óvanur byggingarvinnu, hafi ekki áttað sig á mikilvægi þess að taka vinnupallinn í sundur í ákveðinni röð. Meginorsök slyssins virðist því mega rekja til þess að vinnuveitandi hafi ekki uppfrætt þann slasaða um það hvernig ætti að taka vinnupallinn í sundur á réttan hátt. Þegar gætt er alls þess, er að framan greinir verður að fallast á það með stefnanda að hann hafi ekki fengið þá leiðsögn og þjálfun sem nauðsynleg er til að sinna slíku verki og kveðið er á um í fyrrgreindum lögum nr. 46/1980 og reglugerð nr. 367/2006 að veita skuli starfsmanni.

Kemur því næst til athugunar hvort stefnandi hafi sjálfur borið að einhverju leyti ábyrgð á tjóninu. Verður í því sambandi ekki litið fram hjá því að stefnandi var ófaglærður og starfaði hjá stefnda í íhlaupavinnu. Ekki er fallist á það sjónarmið stefnda að gera eigi auknar kröfur til stefnanda í þessu sambandi vegna reynslu hans af skipstjórnarstarfi. Þykir ósannað að stefnandi hafi ekki sýnt af sér þá aðgæslu sem krefjast mátti af honum við niðurrif vinnupallsins og verður stefndi látinn bera hallann af þeim sönnunarskorti. Verður því ekki talið að bótaábyrgð vegna slyssins verði lögð á stefnanda vegna eigin sakar eða slysið verði rakið til óhappatilviljunar.

Samkvæmt öllu framansögðu verður viðurkenningarkrafa stefnanda tekin til greina, eins og nánar greinir í dómsorði.

Stefnda verður gert að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Viðurkennd er bótaskylda stefnda, þrotabús Steinvals ehf., vegna líkamstjóns sem stefnandi, Sævar Berg Ólafsson, hlaut í vinnuslysi 2. október 2007.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Eggert Óskarsson (sign.)